

# Ársskýrsla 2024



**Samkvæmt samþykktum félagsins eru tilgangur þess:**

Að vinna að alþjóðlegum ættleiðingum með því markmiði að hagsmunir barnsins séu ávallt hafðir í fyrirrúmi í anda Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamningsins um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

Að vinna að velferð og réttindamálum kjörfjölskyldna.

Að aðstoða fólk sem vill ættleiða börn erlendis frá.

Að standa fyrir fræðslu fyrir félagsmenn í formi fræðslufunda, námskeiða og fyrirlestra.

Að vinna að jöfnum rétti allra, burtséð frá uppruna.

Að auka þekkingu og skilning samfélagsins og stjórnvalda á ættleiðingu og kostum hennar fyrir barn og kjörfjölskyldu.

Að stuðla að velferð barna í samræmi við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og Haagsamninginn um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 29. maí 1993.

# EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI.....	4
STARF FÉLAGSINS.....	6
ÁRSREIKNINGUR .....	12
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA .....	13
REKSTRAREIKNINGUR.....	15
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	16
SJÓÐSSSTREYMI.....	17
SKÝRINGAR.....	18
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA .....	21
REGNHLÍFASAMTÖK .....	22
SAMSTARFSLÖND.....	23
STJÓRN OG STARFSFÓLK 2024.....	24

## FRÁ STJÓRNARFORMANNI

Á nýju starfsári höfum við þurft að halda vel á spöðunum til að mæta vaxandi kröfum í ættleiðingarmálum. Samtöl við nágrannalönd undirstrika hversu mikilvægt er að halda tengslum, jafnvel í ljósi erfiðra tíðinda um lokanir í öðrum löndum. Þó að við séum fámenn og fjárhagsstaða erfið, þurfum við að standa vörð um núverandi biðlista og tryggja að umsóknir verði virtar. Í Kólumbíu bindum við vonir við aukið samstarf og löggildingu sem getur opnað dyr fyrir fleiri fjölskyldur. Við bíðum enn niðurstöðu frá ráðuneyti varðandi hugsanlegar ættleiðingar frá Indlandi, höldum í vonina og erum bjartsýn á jákvæða niðurstöðu.

Á þessum krossgötum í ættleiðingum höfum við líka rætt hvernig við best getum stutt við uppkomna ættleidda, auk þess að halda áfram með námskeið og fræðslu fyrir foreldra. Stuðningur, fræðsla og tengsl eru grundvallarstoðir í að skapa hamingjusamar fjölskyldur og tryggja farsæld þeirra sem við þjónustum.

Í ár var fyrsta árið sem eftirfylgniskýrslur hafa verið í höndum annars aðila en Íslenskrar ættleiðingar og hefur það verið lærðómsríkt. Þessi breyting hefur þó skapað ákveðið skarð, þar sem við höfum misst hluta af tengslunum við félagsmenn okkar sem eiga ættleidd börn undir 18 ára aldri. Þó svo að við séum jákvæð gagnvart viðtölum við uppkomna ættleidda, er ferlið enn í mótu og við þurfum frekari skýringar á því hvernig best verður haldið utan um þessa mikilvægu þætti.

Við erum svo heppin að hafa hana Thelmu Rún, sem nýlega lauk BA-námi og hóf MA-nám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf. Á skrifstofunni en hún hefur styrkt fræðslu og ráðgjöf, á meðan Rut Sigurðardóttir, með sína miklu reynslu, heldur áfram að sinna námskeiðum og ráðgjöf við umsækjendur og fjölskyldur.

Ásta Sól Kristjánsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri sl. vor og hóf störf í ágúst. Hún hefur þegar lagt sitt af mörkum til að styrkja félagið með sinni framsýni og drifkrafti. Ásta Sól hefur meðal annars unnið að því að efla fræðslu og ráðgjöf, auk þess sem hún hefur tekið þátt í því að koma okkur betur á framfæri í fjölmíðum og með samfélagsumræðu. Við sjáum fyrir okkur að þetta marki upphaf nýs kafla í starfsemi okkar og vonumst eftir áframhaldandi jákvæðri þróun.

Ég vil nota tækifærið og þakka Elísabetu Hrund fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrir ómetanlegt framlag sitt til félagsins. Framlag hennar hefur lagt grunninn að því starfi sem við höldum áfram í dag. Ég er jafnframt þakklát fyrir dugnað og elju starfsmanna okkar og stjórnarmanna, sem með jákvæðni og fagmennsku halda félaginu gangandi á hverjum degi.

Eitt af því sem prýðir starf okkar eru þau fjölbreyttu tengsl sem við höfum myndað við samstarfsaðila um allan heim. Þetta kom skýrt í ljós þegar við fengum heimsókn frá stjórnarformanni CNAET í Tógó síðastliðið haust. Ferð þeirra hér á landi bauð upp á dýrmæt augnablik og mikilvæg áframhaldandi tengsl við dómsmálaráðuneytið og heimsókn í bæði leikskóla og Barnaskóla Hjallastefnunnar þar sem nokkur ættleidd börn frá Tógó sækja nám. Hvort sem var á Gullna hringnum, í Hvammsvík eða við fjölskylduskemmtun þar sem ilmandi

vöfflur fylltu salinn sáum við hversu heilluð af landi og þjóð sendinefndin var. Sérstaklega eftirminnileg var nestispáð þar sem Ásta Sól framkvæmdastjóri hafði útbúið flatkökur með smjöri og hangikjöti sem runnu ljúflega niður. Einnig eldaði Ásta framkvæmdastjóri dýrindis fiskrétt heima hjá sér og styrkti þannig enn frekar þau tengsl sem eru grundvöllur góðs samstarfs. Mig langar til þess að þakka innilega öllum stjórnarmeðlimum og starfsmönnum, en án þeirra hefði þessi heimsókn ekki getað orðið að veruleika.


Nýjungar og breytingar hafa einnig sett mark sitt á starfsemi okkar. Flutningur skrifstofunnar í minna rími, þótt heimilislegt sé, kallað á nýjar lausnir. Á sama tíma skapar nýr þjónustusamningur óvissu vegna þess að vaxtahækkanir og krafan um löggildingu frá Kólumbí eru ekki meðtekin í samningnum. Þessar áskoranir benda á mikilvægi samstöðu og virkni innan félagsins.

Eins og oft áður er ábyrgð yfirvalda mikil og við þurfum að minna á mikilvægi ættleiðinga í samfélaginu. Vitundarvakning, aukinn skilningur og viðurkenning á okkar starfsemi er nauðsynleg til að félagið geti haldið áfram að vaxa og dafna. Við hefjum nýja ár með von í hjarta og bjartsýni, en jafnframt meðvituð um þá vinnu sem fram undan er og þá auðmýkt sem þarf til þess að tryggja farsælan rekstur og hamingju fjölskyldna.

Með samstöðu, skýrri framtíðarsýn og áframhaldandi stuðningi vonumst við til þess að skapa enn betri tækifæri og aðstæður fyrir þá sem vilja veita börnum um heim allan ástríkt og öruggt heimili.

Með virðingu og vinsemd

Kristín Ósk Wium Hjartardóttir  
Stjórnarformaður



## STARF FÉLAGSINS

Á undanförnum misserum hafa orðið miklar breytingar hjá Íslenskri ættleiðingu (ÍÆ). Árið 2024 var fyrsta heila árið í nýju og minna húsnaði, fækkun í stöðugildum niður í 1,5 og fækkun mikilvægra verkefna. Einnig var það mikil breyting að Tékkland hafi dregið sig úr samstarfi og að ekki var lengur hægt að senda nýjar umsóknir þangað og hafði það áhrif á starfsemina.

Á síðasta aðalfundi tilkynnti Elísabet Hrund Salvarsdóttir að hún myndi hætta sem framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar en hún hafði gegnt því hlutverki í á þriðja ár. Þar á undan hafði hún verið formaður félagsins í rúm 6 ár og verið félagsmaður enn lengur. Íslensk ættleiðing þakkar Elísabetu fyrir faglegt og jafnframt óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Framkvæmdastjóra rastaðan var í kjölfarið auglýst og var Ásta Sól Kristjánsdóttir ráðin. Hún hefur viðtæka reynslu í framkvæmda- og verkefnastjórn, bakgrunn í kvíkmyndagerð og blaðamennsku og þekkingu á frjósemismálum og málefnum flóttafólks. Hún tók til starfa þann 12. ágúst síðastliðinn og hefur Elísabet hjálpað við að koma henni sem best inn í málaflokkinn og staðið á hliðarlínunni varðandi viss verkefni.

Sérfræðingur félagsins, Thelma Rún Runólfssdóttir, lauk BA námi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóli Íslands 2024 og hóf MA nám í foreldrafræðslu- og uppeldisráðgjöf í haust. Hlutverk hennar er að sinna fræðslu og ráðgjöf fyrir umsækjendur í ættleiðingarferlinu, sjá um fræðslu inn í skólakerfið, aðstoða við upprunaleit og stuðning við uppkomna ættleidda, ásamt því að sinna mörgum öðrum verkefnum sem til falla á skrifstofu ÍÆ. Hún er í 50% starfshlutfalli og er í fræðsluteymi ÍÆ ásamt Rut Sigurðardóttur, félagsráðgjafa og fjölskyldufræðings, sem er enn verktaiki hjá félagini hvað varðar fræðslu og stuðning.

Aðrir sem vinna í verktöku fyrir ÍÆ eru Marion Brochet verkefnastjóri, staðsett í Frakklandi og aðstoðar við málefni er varða Tógó, og Marta Bartoskova þýðandi, búsetti í Prag í Tékklandi.

### Breyting á þjónustu og reglugerðum

Starf og þjónusta Íslenskrar ættleiðingar miðar að því að sinna félagsmönnum eins vel og kostur er enda eru þeir félagið. Eitt af markmiðum félagsins er að tryggja góða faglega þjónustu.

Ættleiðingarmálaufokkurinn hefur breyst mikið á síðustu árum, ættleiðingum hefur fækkað en á móti er hvert mál orðið flóknara. Þessar breytingar eru ekki eingöngu að eiga sér stað á Íslandi heldur í öllum heiminum. Áherslan hefur færst frá því að sjá eingöngu um milligöngu um ættleiðingu yfir í meiri kröfur um fræðslu og stuðning til væntanlegra kjörfareldra, ættleiddra barna og uppkominna ættleiddra. Á sú fræðsla sér stað á meðan biðin er, þegar heim er komið og einnig eftir því sem árin líða frá ættleiðingunni. ÍÆ telur að sagan hafi sýnt að góð fræðsla samhliða ættleiðingu er forsenda fyrir því að ættleiðing gangi vel.

EKKI URÐU BREYTINGAR Á REGLUGERÐ Á ÁRINU EN SÍÐUSTU BREYTINGAR URÐU 1. OKTOBER 2023 EN Í SAMRÆMI VIÐ ÞÆR BREYTINGAR SÁ SÝSLUMAÐURINN Á HöFUÐBORGARSVÆÐINU UM EFTIRFARANDI:

- **Yfirferð á gögnum þegar upplýsingar um barn berast til Íslands** - ÍÆ hefur í gegnum árin séð til þess að lögfræðingur fari yfir öll skjöl sem berast um barn til að tryggja lögmæti þeirra. Ekki hefur reynt á þetta ennþá þar sem engin pörun varð á árinu. Til stendur að starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar og sérfræðilæknir muni einnig fara yfir skjölin þegar pörun verður.
- **Samþykki í samræmi við 17. gr c á grundvelli Haag-samningsins um vernd barna og samvinnu um ættleiðingu á milli landa frá 1993** – Ekki hefur enn reynt á þetta þar sem pörun varð ekki á árinu en ef allar upplýsingar og skjöl um tiltekið barn eru í lagi tilkynnir Íslensk ættleiðing væntanlegum kjörfareldrum um pörun og fer yfir gögn barnsins með þeim. Ef samþykki frá væntanlegum kjörfareldrum liggur fyrir er sýslumannsembættið upplýst um það og er þá gefið út samþykki samkvæmt 17.gr c um að ferli ættleiðingar megi halda áfram. Íslensk ættleiðing sendir þetta samþykki til upprunalands auk upplýsinga um að væntanlegir kjörfareldrar hafi kynnt sér öll gögn vegna tiltekins barns.
- **Eftirfylgniskýrslur** - Sýslumannsembættið bar ábyrgð á því í fyrsta sinn að skýrslur um stöðu barns eftir komu til landsins (eftirfylgniskýrslur) yrðu gerðar og sendar til upprunalands barns í samræmi við reglur sem gilda í ríkinu. Íslensk ættleiðing tók þátt í þessu ferli og aðstoðaði Sýslumann með því að senda eldri skýrslur, upplýsa um form og fyrirkomulag.
- **Þjónusta og ráðgjöf fyrir uppkomna ættleidda** - Á árinu hófust 5 ráðgjafaviðtöl án endurgjalds hjá sýslumannsembættinu í samræmi við reglugerð en boðið hefur verið upp á ráðgjöf fyrir þennan hóp hjá ÍÆ gegn greiðslu og stendur hún enn til boða. Hægt er að panta viðtölin á island.is (þjónusta og ráðgjöf fyrir uppkomna ættleidda). Skv. upplýsingum frá sýslumannsembættinu veittu þau ráðgjöf til fjögurra einstaklinga, þar af er einu lokið en þrjú í gangi. Ráðgjöfin er ekki sambærileg við þá ráðgjöf sem íÆ kann að veita og ekki er ljóst hvað eða hvort eitthvað tekur við eftir þessi fimm viðtöl. Til samanburður þá veitti ÍÆ 11 ráðgjafaviðtöl til fjögurra einstaklinga.

Samþykktum félagsins var breytt á síðasta aðalfundi í samræmi við reglugerð frá 2023 á þann hátt að Stjórn Íslenskrar ættleiðingar þarf að vera skipuð 5 mönnum hið minnsta í stað 7 áður.


### Farsæld barna

Í upphafi árs 2024 gerði Íslensk ættleiðing samning við mennta- og barnamálaráðuneytið um þróun verklags um samþætta þjónustu við börn sem ættleidd eru til Íslands. Þessi samningur skiptir sköpum er varðar það markmið að bæta móttöku ættleiddra barna til Íslands með ný farsældarlög til hliðsjónar.

*...til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástuð og skilning*


## Fyrstu viðtöl

Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 60 – 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Fyrir hvert viðtal eru sendar ítarlegar upplýsingar í tölvupósti og oft er boðið upp á símtal. Þessum viðtöllum fækkaði verulega á árinu en níu fyrstu viðtöl voru bókuð hjá félaginu árið 2024. Þess má geta að mun fleiri sýndu áhuga en hættu við þegar í ljós kom að erfitt væri að senda umsókn til upprunalandi eftir að Tékkland dró sig til baka.



## Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki. Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndarþjónustu við könnun á högum umsækjenda.



Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir. Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómsmálaráðherra. Árið 2024 voru 3 umsóknir um forsamþykki sendar en tvær af þeim fengu útgefið forsamþykki á árinu. Tvö forsamþykki voru endurnýjuð vegna umsókna sem þegar eru í upprunalandi.

## Ættleiðingarnefnd


Sýslumannsembættið vísaði engri umsókn til Ættleiðingarnefndar á árinu.

## Kærur

Sýslumannsembættið synjaði engri umsókn á árinu.

... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brotnám barna, sölu þeirra og verslun með þau.

## Umsóknir í upprunalandi



Íslensk ættleiðing sendi enga umsókn til upprunalandi á árinu, en ein var í undirbúningi á árinu til útsendingar til Togó. Óska þurfti eftir nýrri umsögn frá barnaverndarnefnd í tengslum við þá umsókn þar sem umsögnin var orðin of gömul. Fjórar virkar umsóknir voru í gangi á árinu í Togó en ein af þeim var sett á bið vegna barnsfæðingar umsækjanda. Í

byrjun árs 2024 voru 11 umsóknir í Tékklandi en af þeim voru tvær settar á bið af persónulegum ástæðum og ein var dregin til baka. Ein virk umsókn var í Kólumbíu og ein beið samþykks. Ættleiðingaryfirvöld þar í landi óskuðu í tvígang eftir viðbótarupplýsingum sem tafið hefur verulega fyrir. Á árinu voru því 21 umsókn á einhverjum stað í ferlinu, eða allt frá forsamþykki til biðlista í upprunalandi.

## Börn

Engar upplýsingar um börn voru skoðaðar ár árinu en eitt barn kom til Íslands með fjölskyldu sinni frá Togó í apríl 2024.

## Viðhald ættleiðingarsambanda og öflun nýrra

Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði í öflun ættleiðingarsamninga milli Íslands og annarra ríkja að gagnkvæmt traust sé grundvöllur slíkra samninga. Áður en reynt er að ná samkomulagi við einstök ríki fer fram forkönnun sem unnin er í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Þátttaka ráðuneytisins í öflun nýrra ættleiðingarsamninga er mikilvæg bæði varðandi upplýsingar og tengslamyndun við upprunaríkið. Á þarsíðasta ári óskaði félagið eftir því að taka aftur upp ættleiðingarsamband við Indland en svar hefur ekki borist.

Ekki hefur verið ákveðið með að kanna önnur lönd í bili en ICBF, ættleiðingaryfirvöld í Kólumbíu, fara fram á að Íslensk ættleiðing sæki um löggildingu þar í landi en í AE hefur verið á undanþágu frá því.

Hvað varðar tengsl við upprunaríki reynir í AE eftir fremsta megni að viðhalda góðum tengslum og upplýsingaflæði. Ekki náðist að funda með UMPOD fyrr en í október og var sá fundur í gegnum Teams. Í nóvember var bæði fundað með tengiliðum okkar í Kólumbíu og ICBF ættleiðingaryfirvöldum og rétt fyrir jól var fundað með nýjum formanni CNAET, ættleiðingaryfirvalda í Togó.

## Togó heimsókn

Til stóð að ÍAE færí til Togó á árinu en sökum fjárskorts reyndist það ekki mögulegt. CNAET óskuðu eftir því síðasta sumar að koma hingað til lands í september og úr varð að formaður og ritari komu hingað í heimsókn, ásamt verkefnastjóra okkar í Frakklandi. Heimsóknin tókst afar vel.

Heimsóknir í AE til upprunalandi verða endurskoðaðar þegar færí gefst enda eru þær afar mikilvægar.

## Fræðsla

Eftir að fræðsla var færð framar í ferlið eins gert var með breytingum í lok árs 2018 hefur þekking umsækjenda á ættleiðingarmálflokknum komist betur til skila inn í umsögn barnaverndar. Þetta hefur stuðlað að því að fjölskyldur frá Íslandi skera sig út þegar kemur að þekkingu, þegar þær eru bornar saman við aðra umsækjendur í upprunalöndum barnanna sem félagið starfar með.

Fræðslan hefst í fyrsta viðtali þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Það ætti að leiða til námskeiðsins ***Er ættleiðing fyrir mig?***, sem er að jafnaði 4 daga námskeið sem á að aðstoða þátttakendur í að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem þeir ættu að skoða betur. Fyrirkomulag námskeiðsins á árinu 2024 var með aðeins öðru sniði vegna færri umsækjenda en það voru einungis fjórir. Þessir aðilar voru almennt mjög ánægðir með námskeiðið.

Árið 2024 voru 15 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsambýkkisferli og 5 viðtöl við starfsfólk barnaverndar. Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 14 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókninni.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi barnsins. Árið 2024 var eitt viðtal til fjölskyldu sem kom heim til Íslands. Þessi þjónusta er viðbót við gerð eftirfylgdarskýrslna sem eru gerðar að kröfu upprunaríkja barnanna. Félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjölskyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórvalds upprunaríkisins. Frá 1. október 2023 hefur sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu tekið ábyrgð á gerð þessara eftirfylgniskýrslna.

Í febrúar hófst fræðsla fyrir félagsmenn, en boðið var upp á nokkrar fræðslur yfir árið og félagsstarf, þar má nefna t.d. fimleikafjör, sumargrill og jólaball.

Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi og sérfræðingur félagsins leikskóla einu sinni og grunnskóla sex sinnum. Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi. Þá hafa viðtöl verið til einstaklinga og fjölskyldna sem leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónstuáætlun félagsins sleppir.

*Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá vætanlegra kjörfareldra ef: ...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram*

Meiri þjónusta hefur verið til uppkominna ættleiddra í tengslum við upprunaleit og meðferðarvinnu. Um var að ræða bæði almenn viðtöl vegna upprunaleitar og ýmsum vangaveltum, sem og ráðgjafaviðtölum hjá félagsráðgjafa,

Starfsfólk félagsins fór á fjölda ráðstefna og málþinga til að vekja athygli á málaflokknum, afla sér þekkingar og að tryggja að fjölskyldur og börn fái viðeigandi þjónustu svo þeim farnist vel eftir ættleiðingu. Einnig komu tveir nemendahópar í HÍ í fræðslu um starfsemi ÍÆ og unnu lokaverkefni.



## ÁRSREIKNINGUR

Við undirritun nýs þjónustusamnings 29.september 2023 var ljóst að breytingar yrði á starfi Íslenskrar ættleiðingar enda var hann í samræmi við breytingar á reglugerðum sem gerðar voru 1.október 2023. Þessi samningur var gerður til 15 mánaða eða til 31.12.2024 og var lækkun um 10.000.000 kr. á ársgrundvelli frá fyrri þjónustusamningi.

Með þessum breytingum taldi þáverandi stjórn og þáverandi framkvæmdastjóri félagsins að rekstragrundvöll þess væri verulega skertur. Þær grunnforsendur sem hafði verið tryggt með undirskrift upphaflegs þjónustusamnings um framlag ríkisins til félagsins væru ekki til staðar, þar sem tryggt var að grundvöllur fyrir rekstri félagsins væri ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga.

Mikið aðhald hefur þurft að hafa í rekstri félagsins síðustu ár og var það einnig 2024, í maí 2023 var starfsemi flutt í minna húsnæði til að draga úr húsnæðiskostnaði, stöðugildum fækkað og er í dag 1,5 starfsmaður hjá féluginu. Á síðasta ári var stöðugildi hjá féluginu 1,7, en þar hafði áhrif breytingar á framkvæmdastjóra auk vinnu verktaka í ákveðnum verkefnum.

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2024 voru tæpar 30 milljónir, tekjur af félagsgjöldum hækkuðu lítillega frá fyrra ári. Að þessu sinni var hagnaður á rekstri félagsins kr. 14.574 samanborið við kr. 575.050 á árinu 2023. Framlög frá dómsmálaráðuneytinu lækkuðu um kr. 10.000.000 en við bættist framlag frá mennta- og barnamálaráðuneyti í tengslum við samning félagsins við það ráðuneyti til tveggja ára um þróun verklags um samþætta þjónustu við börn sem ættleidd eru til Íslands. Framlag vegna þessa samnings var uppá 3.000.000 kr., hluti af því hefur verið nýtt á síðasta ári eins og kemur fram á ársreikningi, en til að standa í skilum í almennri starfsemi félagsins þurfti að fá fyrirframgreiðslu af sér tilgreindum reikningi vegna farsældar og var þessi fyrirframgreiðsla í lok árs 2024 komin í 844.430 kr.

Aðrar tekjur minnkuðu um tæpar 1.500.000 kr. á milli ára og rekstrargjöld um rúmlega 5,5 milljónir, en það er helst vegna breytinga á starfsmannahaldi og húsnæðiskostnaði.

*Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.*

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKODANDA

## Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati árekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif áfjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur

falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.


- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit ávirkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 19. mars 2025

Rýni endurskoðun ehf.

Theodór Ingi Pálason



# REKSTRAREIKNINGUR

## Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur .....	3	29.681.004	37.926.237
		29.681.004	37.926.237
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	21.469.344	27.153.237
Kostnaður vegna ættleiðinga .....	9	362.041	147.472
Skrifstofu- og stjórmunarkostnaður .....	9	3.256.263	4.735.657
Annar rekstrarkostnaður .....	9	4.557.405	5.232.485
Afskriftir .....	4	67.459	84.324
		29.712.512	37.353.175
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		(31.508)	573.062
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		249.252	82.430
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður .....		(203.170)	(80.442)
		46.082	1.988
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>14.574</u>	<u>575.050</u>



# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

<b>Eignir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttigar og áhöld .....	4	269.838 269.838	337.297 337.297
<b>Velturfjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	6	1.503.823	1.143.678
Handbært fé .....	5	2.704.080 4.207.903	1.617.662 2.761.340
<b>Eignir samtals</b>		<b>4.477.741</b>	<b>3.098.637</b>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Viðbragðssjóður .....	7	1.360.000	1.360.000
Óráðstafað eigið fé .....		344.458	329.884
		<b>1.704.458</b>	<b>1.689.884</b>
<b>Skuldir</b>			
Skammtimaskuldir:			
Skuld við tengd félög .....		0	91.008
Aðrar skammtimaskuldir .....	8	2.773.283 2.773.283	1.317.745 1.408.753
<b>Skuldir samtals</b>		<b>2.773.283</b>	<b>1.408.753</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>4.477.741</b>	<b>3.098.637</b>

## SJÓÐSSTREYMI

### Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins .....		14.574	575.050
Rekstrarlöir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir .....	4	67.459	84.324
		82.033	659.374
Lækkun (hækjun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtimakröfur .....		(360.145)	(197.263)
Hækjun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtimaskuldir .....		1.455.538	(1.268.257)
		1.095.393	(1.465.520)
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>		1.177.426	(806.146)
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>			
Skuld við tengd félög, breyting .....		(91.008)	91.008
		(91.008)	91.008
<b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé</b>		1.086.418	(715.138)
Handbært fé í byrjun árs .....		1.617.662	2.332.800
<b>Handbært fé í lok árs</b>		2.704.080	1.617.662



# SKÝRINGAR

## Skýringar

### 3. Tekjur

Tekjur ársins sundurliðast þannig:	2024	2023
Félagsgjöld .....	1.517.500	1.438.500
Ættleidningargjöld erlendis .....	702.900	2.010.122
Framlög úr ríkissjóði .....	24.000.000	31.500.000
Framlög frá mennta- og barnamálaráðuneyti .....	3.000.000	0
	29.220.400	34.948.622
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Námskeið .....	394.400	888.000
Félagsstarf .....	64.530	115.670
Styrkir .....	1.674	35.049
Aðrar tekjur .....	0	1.938.896
	460.604	2.977.615
<b>Tekjur samtals</b>	<b>29.681.004</b>	<b>37.926.237</b>

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttigar	Samtals
<b>Árslok 2023:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	421.621	421.621
Afskriftir .....	(84.324)	(84.324)
Bókfært verð í árslok .....	337.297	337.297
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(2.268.722)	(2.268.722)
Bókfært verð í árslok .....	337.297	337.297
<b>Árslok 2024:</b>		
Bókfært verð í ársbyrjun .....	337.297	337.297
Afskriftir .....	(67.459)	(67.459)
Bókfært verð í árslok .....	269.838	269.838
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:		
Kostnaðarverð .....	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals .....	(2.336.181)	(2.336.181)
Bókfært verð í árslok .....	269.838	269.838

### 5. Handbært fé

Handbært fé i árslok greinist þannig:

Handbært fé vegna samnings við mennta- og barnamálaráðuneytis .....	649.668
Aðrir bankareikningar .....	2.054.412
Samtals handbært fé .....	2.704.080

## Skýringar

### 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2024	2023
Félagsgjöld .....	1.878.823	1.556.023
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(375.000)	(412.345)
Viðskiptakröfur, nettó .....	1.503.823	1.143.678

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### 7. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum	Viðbragðssjóður	Óráðstafað	Eigið fé samtals
<b>Hreyfingar 2023:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	(245.166)	1.114.834
Tap ársins .....	0	575.050	575.050
Staða í árslok .....	1.360.000	329.884	1.689.884
<b>Hreyfingar 2024:</b>			
Staða í ársbyrjun .....	1.360.000	329.884	1.689.884
Hagnaður ársins .....	0	14.574	14.574
Staða í árslok .....	1.360.000	344.458	1.704.458

### 8. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2024	2023
Ögreidd laun og launatengd gjöld .....	2.215.186	709.786
Aðrar skammtímaskuldir .....	558.097	607.959
	2.773.283	1.317.745



## Skyringar

### 9. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:	2024	2023
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	16.193.353	20.672.414
Laun stjórnar .....	0	0
Laun vegna samnings við mennta- og bamamálaráðuneyti .....	657.430	0
Verktakavinna vegna samnings við mennta- og barnamálaráðuneyti .....	187.000	0
Bifreiðastyrkir .....	446.194	540.000
Mótframlag í lifeyrissjóð .....	2.274.857	2.790.777
Tryggingagjald .....	1.238.930	1.524.205
Sjúkra- og orlofssjóðir .....	406.319	389.841
Námskeið og endurmenntun .....	(53.122)	70.485
Annar starfsmannakostnaður .....	80.000	1.102.475
	<hr/> 21.469.344	<hr/> 27.153.237
 Meðalfjöldi starfsmanna .....	1,7	2,1
 <b>Kostnaður vegna ættleiðinga</b>		
Skýrslur og þýðingar .....	601.081	1.842.921
Undirbúningsnámskeið .....	282.588	342.147
Erlendur kostnaður .....	471.714	1.153.474
Annar kostnaður .....	81.359	282.376
Vöktun SN lista .....	0	0
Endurgreiddur kostnaður .....	(1.074.701)	(3.473.446)
	<hr/> 362.041	<hr/> 147.472
 <b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>		
Rekstur uppýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	821.760	665.148
Sími .....	589.326	730.316
Pappír, prentun og ritföng .....	71.444	30.941
Bækur, blöð og áskrift .....	0	21.000
Annar skrifstofukostnaður .....	143.833	198.510
Reikningsskil .....	725.400	744.248
Önnur aðkeypt þjónusta .....	727.656	225.000
Fundir, ráðstefnur og móttökur .....	176.844	2.120.494
	<hr/> 3.256.263	<hr/> 4.735.657
 <b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Félagsstarf .....	919.125	1.278.012
Húsaleiga .....	2.518.633	3.257.408
Öryggispjónusta .....	156.291	282.660
Ræsting og hreinlætisvörur .....	0	143.000
Burðargjöld .....	1.480	0
Aðkeypt akstur .....	6.000	2.380
Keypt áhöld og tæki .....	217.425	0
Ferðakostnaður .....	698.605	25.757
Vátryggingar .....	77.191	69.923
Afskifaðar og niðurfærðar kröfur .....	(37.345)	173.345
	<hr/> 4.557.405	<hr/> 5.232.485

## ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík 19. mars 2025

Stjórn:

Helga Þálmadóttir

Nigrieur D. Haraldsdóttir

Jónna Hafsteinsdóttir

Kristbjörg Ólafsdóttir

Solveig Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Steingrímur Þórðarson

## REGNHLÍFASAMTÖK



EurAdopt, félag ættleiðingarsamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2024 eins og áður. Fækku nýrra umsækjenda í mörgum löndum og færri ættleiðingar hafa áhrif á rekstrargetu nokkurra félaga sem tilheyra samtökunum og einhver hafa lagt upp laupana. Fulltrúi félagsins í EurAdopt fram til apríl 2024 var Elísabet Hrund Salvarsdóttir en eftir það tók Kristín Ósk Wium Hjartardóttir við.

EurAdopt ráðstefna var haldin dagana 17.- 18.apríl í Cambridge í Bretlandi og sat starfsfólk Íslenskrar ættleiðingar ráðstefnuna. Á ráðstefnunni var fjallað um kynslóðaáhrif ættleiðingar, The Generational Impact of Adoption.



Íslensk ættleiðing er líka aðili að samtökum norrænna ættleiðingarfélaga, Nordic Adoption Council (NAC). NAC eru félagasamtök ættleiðingarfélaga og félaga kjörfjölskyldna á Norðurlöndunum. Tilgangur NAC er að skapa vettvang fyrir norrænt samstarf í ættleiðingarmálum og málefnum tengdum ættleiðingum.

Fulltrúar félaganna sitja í stjórn samtakanna. Elísabet Hrund Salvarsdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar er formaður NAC en hún var endurkjörin sem formaður á aðalfundi NAC í september 2023. Sigríður Dhammika Haraldsdóttir, varaformaður ÍAE var fulltrúi félagsins í NAC á árinu. Stjórn NAC hittist í Helsinki í febrúar 2024 en fjarfundir voru þó haldnir reglulega yfir árið og hafa samskipti innan samtakanna því í reynd fremur aukist á síðustu árum og stofnaðir hafa verið sérstakir vinnuhópar, t.d. vegna þjónustu eftir ættleiðingu og samfélagsmiðla. Á þessum stjórnarfundum greina fulltrúar frá fréttum af ættleiðingartengdum málefnum frá eigin landi og í þeim upprunaríkjum sem félögin eru í samstarfi við, þá voru líka rædd ýmis mál tengd ættleiðingum sem voru í deiglunni hverju sinni.

## SAMSTARFSLÖND

### ČESKÁ REPUBLICA

Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 18.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 52 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi. 8 virkar umsóknir eru nú hjá UMPOD og bíða afgreiðslu, 2 umsóknir eru í bið. Þónokkuð var um að UMPOD færi fram á lokun gamalla umsókna og hefur íAE aðstoðað við það.

Breytingar urðu á samstarfi við Tékklandi í lok ársins 2023 og því er ekki hægt að senda fleiri umsóknir um að ættleiða barn frá Íslandi en miklar breytingar hafa verið í gangi í málaflokknum innan Tékklands og einungis 7 börn ættleitt þaðan árið 2024. Síðast kom barn frá Tékklandi til Íslands árið 2023.

### Colombia

Löggilding um milligöngu gildir til 18.03.2025. Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu. Ein umsókn er á biðlista frá Íslenskri ættleiðingu hjá ICBF og ein bíður samþykktar

Kólumbía er eina samstarfsland Íslenskrar ættleiðingar sem tekur á móti umsóknum samkynja hjóna og er annað af tveimur löndum í heiminum sem gerir það.

### TOGO

Löggilding um milligöngu gildir til 30.07.2026. Alls hafa 10 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Togó. Fimm umsóknir eru í ferli í Togó en opið er fyrir eina umsókn þar í landi. Meðal biðtími eftir pörum hefur verið rúm tvö ár en engin pörum var á árinu 2024.



## STJÓRN OG STARFSFÓLK 2024

### Stjórn

Stjórnarformaður

Kristín Ósk Wiium Hjartardóttir

Varaformaður

Sigríður Dhammika Haraldsdóttir

Meðstjórnendur

Helga Pálmadóttir

Selma Hafsteinsdóttir

Sólveig Diljá Haraldsdóttir



### Starfsfólk

Elísabet Hrund Salvarsdóttir

Framkvæmdastjóri frá 1. febrúar 2022 til 9. ágúst 2024

Ásta Sól Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri frá 12. Ágúst 2024

Thelma Rún Runólfssdóttir

Sérfræðingur frá 1. desember 2023

Rut Sigurðardóttir

Félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur í verktöku

*Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.*